



Ástandið á Skagaströnd

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Símskeyti – Skýrsla – Skagaströnd – Þorfinnur
Bjarnason

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is


Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-30, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landssíminn

SÍMSKEYTI

Ebl. 1 d.



HERRA FORSÆTISRÁÐHERRA BJARNI
BENEDIKTSSON REYKJAVÍK

Mótt. af 9 15:07



Athugasemdir:

27

Símanúmer ritsímans:
16411 Varðstjórinn, fyrirspurnum
um símskeyti svarað.

Símanúmer ritsímans:
22020 Tekið á móti símskeytum.
22079 Skeytaútsending.

Mótt. af

SKAGASTRÖND NR 27/37 216/214 9 1220 -

ÞRATT FYRIR ITREKADAR TILRAUNIR ÞINGMANNANNA GUNNARS OG EINARS
EFTIR AD SKYRSLA HANNESAR JONSSONAR UM ATVINNUASTANDID OG
FJARHAGSÖRDUGLEIKA FRYSTIHUSANNA OG BATANNA A SKAGASTRÖND SEM
SENDUR VAR AF FJARMALARÁÐHERRA TIL ÞESS AD RANNSAKA ÞESSI MAL
VEGNA UMSOKNAR UM OPINBERA ADSTOD SEM HANNES GERIR TILLÖGUR UM
AD VERDI VEITT I LANAFORMI TIL LANGS TÍMA HEFUR ENNÞA ENGIN
AFGREIDSLA FENGIST HJA RIKISSTJORN ÞINNI A MALINU AFLEIDING AD
ANNAD FRYSTIHUSID SEM SJALFSTÆÐISMENN HAFU BASLAD MED REKSTURINN A

Landssíminn

SÍMSKEYTI

Ebl. 1 d.

Móttekið

Athugasemdir:



Símanúmer ritsímans:
1 64 11 Varðstjórinn, fyrirspurnum
um símskeyti svarað.

Símanúmer ritsímans:
2 20 20 Tekið á móti símskeytum.
2 20 79 Skeytaútsending.

Mótt. af

I 22 AR HEFUR NU STÖDVAÐ OG UM 20 MENN MISST ATVINNU SINA
ÞAR OG SJAUM VIÐ I STJÖRN FYRIRTÆKISINS EKKI ANNAD FRAMMUNDAN
EN AD GEFA ÞAD UPP TIL GJALÐROTASKIPTA TIL MIKILLAR ANÆGJU
FYRIR BJÖRN PALSSON OG FRAMSOKNARMENN SEM VILJA LATA FYRIRTÆKID
SAMEINAST FRYSTIHUSI KAUPFELAGSINS HER OG ÞA HÆGT AD FA
EIGNIRNAR FYRIR LITID VERÐ OG UM LEIÐ LYKILADSTÖÐU I ATVINNUMALUM
ÞORPSINS STARFSEMI OKKAR SJALFSTÆÐISMANNA ÞURKUD UT LAGLEGT
ÞAD BJÖRN LAGDI ÞETTA TIL VIÐ HJALMAR OG EMIL I VIDTALI VIÐ
ÞA EFTIR ÞVI SEM EG HEFI SANNFRETT SVO ÞEIR ÞUNGIR I AFGREIDSLU

Landssíminn

SÍMSKEYTI

Ebl. 1 d.

Mótttekið

Athugasemdir:



Símanúmer ritsímans:
16411 Varðstjórinn, fyrirspurnum
um símskeyti svarað.

Símanúmer ritsímans:
22020 Tekið á móti símskeytum.
22079 Skeytaútsending.

Mótt. af

SIGLUFJÖRDUR FEKK STORA FULGU UR JÖFNUNARSJODI SVO OG
SAUDARKROKUR FYRIR SKAGASTRÖND VIRDIST EKKI MEIGA GERA NEITT
TEL MER SKYLT AD LATA ÞIG VITA ÞETTA ÞAR SEM
EG TEL ÞETTA SLÆMT MAL UPP A FRAMTIDINA EF EKKI HÆGT UR
AD LEYSA MED BEZTU KVEDJU - ÞORFINNUR BJARNASON -

COLL 22 20 - - - -



Frá framkvæmdarstjóra Sjálfstæðisflokksins

Bjarni Benediktsson
Arnaldur

SKAGFIRÐINGA

li við Gunnar J. Friðriksson

1.

Þeir félagar héldu fram, að

- 1) minnst þyrfti 4 millj. kr. framlag sem eigið fjármagn til að fá grundvöll undir áframhaldandi rekstri fyrirtækisins og auk þess rekstrarfé,
- 2) skynsamlegra gæti verið að forða fyrirtækinu ekki frá gjaldþroti heldur veita fjárframlög til þeirra manna í héraði, sem yrðu fyrir mestum skakkaföllum, ef til gjaldþrotaskipta kæmi.

Til stuðnings þessum niðurstöðum vitnuðu þeir félagar til yfirlits yfir skuldir fyrirtækisins í októberlok 1964, eftir Bjarna Bjarnason, löggiltann endurskoðanda.

Spurning er,

- 1) hvort niðurstaða þeirra féлага sé rétt og
- 2) hvað myndi ske, ef fyrirtækið yrði gjaldþrota.

I.

Í yfirliti Bjarna Bjarnasonar eru heildarskuldir fyrirtækisins í októberlok taldar sem hér segir:

Veðskuldir	kr. 2.973.685.74
Opinber gjöld	" 371.632.35
Skuldabréf	" 491.761.50
Afurðalán	" 2.308.080.00
Samþykktir víxlar	" 1.478.334.35
Skuldheimtumenn	" 3.872.727.85

Samtals kr. 11.496.221.79

Þeir Gunnar og Hilmar leggja þessa upphæð heildarskulda til grundvallar fyrrgreindum skoðunum sínum. Telja vaxtabyrðina allt of mikla miðað við mögulega vörusölu.

Arnald Bjarnason, viðskiptafræðingur, skrifstofustjóri

VERZLUNARFÉLAG SKAGFIRÐINGA

Athugun í tilefni af samtali við Gunnar J. Friðriksson og Hilmar Fengler 21. október s.l.

Deir félagar héldu fram, að

- 1) minnst þyrfti 4 millj. kr. framlag sem eigið fjármagn til að fá grundvöll undir áframhaldandi rekstri fyrirtækisins og auk þess rekstrarfé,
- 2) skynsamlegra gæti verið að forða fyrirtækinu ekki frá gjaldþroti heldur veita fjárframlög til þeirra manna í héraði, sem yrðu fyrir mestum skakkaföllum, ef til gjaldþrotaskipta kæmi.

Til stuðnings þessum niðurstöðum vitnuðu þeir félagar til yfirlits yfir skuldir fyrirtækisins í októberlok 1964, eftir Bjarna Bjarnason, löggiltann endurskoðanda.

Spurning er,

- 1) hvort niðurstaða þeirra féлага sé rétt og
- 2) hvað myndi ske, ef fyrirtækið yrði gjaldþrota.

I.

Í yfirliti Bjarna Bjarnasonar eru heildarskuldir fyrirtækisins í októberlok taldar sem hér segir:

Veðskuldir	kr. 2.973.685.74
Opinber gjöld	" 371.632.35
Skuldabréf	" 491.761.50
Afurðalán	" 2.308.080.00
Samþykktir víxlar	" 1.478.334.35
Skuldheimtumenn	" <u>3.872.727.85</u>
Samtals	kr. 11.496.221.79

Deir Gunnar og Hilmar leggja þessa upphæð heildarskulda til grundvallar fyrrgreindum skoðunum sínum. Telja vaxtabyrðina allt of mikla miðað við mögulega vörusölu.

Arnold Bjarnason, viðskiptafræðingur, skrifstofustjóri

Verzlunarsambandsins, hefir gert sér grein fyrir vaxtabyrði fyrirtækisins og hefir þar lagt til grundvallar skýrslu Bjarna Bjarnasonar yfir skuldir fyrirtækisins. Yfirlit Arnolds er sem hér segir:

Skuldir er bera vexti:

Veðskuldir	kr.	2.973.685.74
Skuldabréf	"	491.761.50
Samþykktir víxlar	"	1.166.268.00
Afurðalán 1963	"	630.000.00
Lánadr. v/skuldaskila	"	647.121.69
Áburðarverksmiðjan	"	382.286.00
Víxlar v/skuldaskila	"	<u>600.000.00</u>
	kr.	6.891.122.93

Skuldir án vaxta:

Opinber gjöld	kr.	371.632.35
Vöruvixlar (sp. víxlar)	"	312.066.35
Afurðalán	"	2.308.080.00
Lánadr. verzlunarskulda	"	773.133.39
Oftalin skuld v/Verzlunarsamb.	"	<u>840.186.77</u>
	kr.	11.496.221.79

Í upphæð veðskulda er innifalið skuldabréfalán að upphæð kr. 1.037.000.00 vegna skuldaskilanna 1963. Lán þetta er til 13 ára vaxtalaust 1963-1964. Ber því nú að greiða vexti af kr. 6.891.122.93 + 1.037.000.00 eða kr. 5.854.122.93. Og nemur vaxtabyrðin nú samkvæmt framansögðu miðað við 9,5% árs-vexti kr. 556.141.00.

Ekki verður fallizt á að þessi vaxtabyrði eigi að vera fyrirtækinu ofviða. Þetta er þeim mun augljósara, þar sem fyrirtækið á að hafa öruggan hagnað af slátrun, sem nam 1963 tæpum 500 þús. kr. og að baki því stendur öflug félagshreyfing.

Vanskilaskuldir fyrirtækisins eru nú samkvæmt yfirliti Bjarna Bjarnasonar sem hér segir:

Veðskuldir	kr.	364.764.82
Opinber gjöld	"	371.632.35
Skuldabréf ýmis konar	"	104.261.50
Samþykktir víxlar	"	<u>248.066.35</u>
	kr.	1.088.725.02

Skuldheimtumenn fyrirtækisins aðrir en Verzlunarsambandið nema

samkvæmt yfirlitinu kr. 1.155.419.39.

Af þessum upplýsingum í yfirliti Bjarna Bjarnasonar verður ekki dregin sú ályktun, að fjárþörf fyrirtækisins sé svo mikil, sem þeir Gunnar og Hilmar gera ráð fyrir. Heldur er það sönnu nær, að þessar upplýsingar staðfesti þær hugmyndir um fjárþörfina, sem settar voru fram í skýrslu minni 21. september s.l.

II.

Reynt hefir verið að gera sér grein fyrir afleiðingum hugsanlegs gjaldþrots fyrirtækisins með tilliti til skuldaskipta þess við héraðsmenn. Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrir hendi eru, hefir það dæmi verið sett upp sem hér greinir:

Heildar skuldir 1/11		kr. 16.973.000.-
Áætlað andv. veðsettra eigna	kr. 2.000.000.00	
Afurðarlán	" 2.308.000.00	
Opinber gjöld	" 371.600.00	" 4.679.600.-
Skuldir alm. kröfuhafa		kr. 12.293.400.-
Tap 1/1 1964	kr. 1.781.400.00	
Áætlað tap 1964	" 500.000.00	
Vafasamir skuldunautar	" 1.000.000.00	
Neikvæður höfuðstóll	kr. 3.281.400.00	
Óveðsettar eignir	" 9.012.000.00	
	kr. 12.293.400.00	kr. 12.293.400.00

Samkvæmt þessu yfirliti myndu almennir kröfuhafar tapa við gjaldþrot fyrirtækisins kr. 3.281.400.00 og eru það rúm 25% af heildarkröfum þeirra, sem nema kr. 12.293.400.00. Af almennum kröfum eiga héraðsmenn kr. 6.317.278.00. Héraðsmenn eru í ábyrgðum fyrir víxilskuldum samtals að upphæð kr. 2.176.000.00.

Eftir þessu yrði tap héraðsmanna sem hér segir:

25,82% af kr. 6.317.278.00 eða kr. 1.631.121.00

25,82% af kr. 2.176.000.00 eða kr. 561.843.00

Samtals kr. 2.192.964.00

Taka verður með fyrirvara það, sem hér er sagt varðandi hugsanlegt gjaldþrot, þar sem ekkert heildaruppgjör liggur fyrir og ýmsum upplýsingum er áfátt.

J. nov. '64
RHK

Verzlunarfélag Skagfirðinga.

Af þeim gögnum og upplýsingum, sem fyrir hendi eru, verður ekki gerð nákvæm grein fyrir efnahag og rekstrarafkomu fyrirtækisins í dag. Til þess þarf heildarendurskoðun og uppgjör, sem ekki hefir farið fram.

Fyrir liggur ársreikningur félagsins fyrir árið 1963, en bókhaldið fyrir það ár hefir samt ekki verið endurskoðað. Samkvæmt rekstrarreikningi nam vörusala ársins 5.564 þús. kr. og rekstrartap 1.258 þús. kr. Niðurstöðutala efnahagsreiknings er 12.162 þús. kr. Skuldir námu 12.157 þús. kr. og þar af skuldir við ýmsa lánardrottna og viðskiptamenn 5.585 þús. kr. Eignir námu 10.381 þús. kr. og þar af vörubirgðir 4.079 þús. kr. og inneignir hjá viðskiptamönnum 3.154 þús. kr. Eigið fé var ÷ 1.776 þús. kr. (Höfuðstóll ÷ 1.781 þús. kr. og varasjóður 5 þús. kr.) Á árinu varð breyting á höfuðstól sem hér segir:

Höfuðstóll 1/1	Kr.	660.353,94
Oftaldar vörubirgðir 1/1	-	461.000,00
Tapað hlutafé í Fiskiveri h.f.	-	400.000,00
Afskrifaður stofnkostnaður	-	16.000,00
Tap á fasteignasölu	-	17.400,00
Tap á rekstrarreikningi	-	1.258.657,09
	Kr.	2.813.411,03
Eftirgefnar skuldir	-	1.032.000,71
	Kr.	1.781.410,32

Á árinu 1964 hefir taprekstur fyrirtækisins haldið áfram. Samkvæmt lauslegu uppgjöri, sem gert var 27. júlí s.l., er tapið, það sem af var árinu, talið hafa numið að meðaltali á mánuði 60 þús. kr.

Sú mynd, sem hér kemur fram af efnahag og rekstursafkomu fyrirtækisins, getur breytt við nákvæmt uppgjör og endurskoðun. Vafalaust er ástandið þó ekki betra en hér er gert ráð fyrir, en hins vegar er ósennilegt, að það sé svo miklu lakara, að það breyti verulega heildarmyndinni. Við athugun á úrlausn vandans er því miðað við framangreindar upplýsingar. Ennfremur er höfð hliðsjón af upplýsingum, sem fram hafa komið í viðtölum við Arnold Bjarnason, viðskiptafræðing og séra Bjartmar Kristjánsson.

Úrlausn vandans er fólgin í að

- 1) útvega fyrirtækinu á næstu mánuðum lánsfé allt að 3 millj. kr. til að leysa fram úr almennum greiðsluvandræðum, greiða fyrir haustslátrun og koma á eðlilegrum rekstri - og
- 2) skapa fyrirtækinu nýtt eigið fjármagn (eða jafngildi þess) allt að 3 millj. kr. til að treysta efnahags- og rekstrargrundvöllinn til frambúðar.

Þetta mætti hugsa sér að gera þannig:

- 1) Verzlanasambandið verði fengið til að veita fyrirtækinu rekstrarlán allt að 3 millj. kr. gegn því að viðskiptabankarnir veiti Verzlanasambandinu samsvarandi fjárhæð að láni. Fyrirtækið þarf strax á að halda 1.5 millj. kr. af rekstrarláninu og viðbót- inni í desember n.k.
- 2) Stofnað verði hlutafélag (eða aukið hlutafé í Sláturfélagi Skagfirðinga) til styrktar Verzlunarfélaginu. Hlutafjárupphæð verði allt að 3 millj. kr. Leitað verði eftir hlutafé hjá öllum félagsmönnum Verzlunarfélagsins. Ef gert er ráð fyrir 30 þús. kr. framlagi hjá hverjum félagsmanni, næmi það samtals 2.250 þús. kr., miðað við 75 félagsmenn (en

þeir eru taldir vera 80). Stjórnarmenn félagsins (5) leggðu fram hlutafé samtals 1 millj. kr. (en tækju ekki á sig þær byrðar að standa undir vöxtum og afborgunum af 1.2 millj. kr. víxilskuldum, sem þeir hafa haft orð á). Hlutafjárútbóð ætti ekki að vera bundið við félagsmenn Verzlunarfélagsins, ef á þyrfti að halda. Gert yrði ráð fyrir, að hin almennu hlutafjárloforð félagsmanna yrðu innborguð á 3 árum af afurðainnleggi þeirra eða 10 þús. kr. á ári.

3. Verzlanasambandið veitti fyrirtækinu rekstrarlán einungis gegn ávísun á hlutafjárloforð. Innborgað hlutafé gengi til greiðslu á skuldbinni við Verzlanasambandið. Rekstrarlán Verzlanasambandsins takmörkuðust þannig við þá upphæð, sem samsvaraði upphæð hlutafjárloforða að frádregnu innborguðu hlutafé. Þegar allt hlutafé væri innborgað, væri rekstrarlán Verzlanasambandsins að fullu greitt. Með þessu fyrirkomulagi væri Verzlanasambandinu veitt trygging fyrir rekstrarláninu til fyrirtækisins og tengdar væru saman bráðabirgða- aðgerðir og frambúðarlausn.
4. Viðskiptabankarnir verði fengnir til að semja við fyrirtækið um greiðslufrest á ákveðnum víxilskuldum samtals að upphæð 1.2 millj. kr.
5. Allar aðgerðir eru byggðar á þeirri forsendu, að ráðinn verði þegar í stað hæfur maður sem framkvæmdarstjóri fyrirtækisins og stjórnsemi og ráðdeild ríki í öllum rekstri þess.

Hlutverk flokksins í framangreindum aðgerðum þyrfti að vera að

- 1) fá Verzlanasambandið til að veita fyrir-
tækinu rekstrarlánið
- 2) fá viðskiptabankana til að veita Verzlana-
sambandinu lán í þessu skyni
- 3) fá viðskiptabankana til að semja við fyrir-
tækið um greiðslufrest á víxilskuldunum og
- 4) vekja áhuga og skilning í héraði til stuðnings
hlutafjársofnuninni.

Það myndi falla í hlut miðstjórnar að ræða við
Verzlanasambandið og viðskiptabankana, en ætlast yrði
til af þingmönnum og öðrum forustumönnum flokksins í
héraði að stuðla að framgangi mála þar.

21. sept. 1964